

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjald í Hafnarfjarðarkaupstað nr. 955/2007.

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Af atvinnuhúsnæði greiðist að lágmarki 75% af byggingarmagni samkvæmt nýtingarhlutfalli í deiliskipulagi.

2. gr.

Við 2. tölulið 5. gr. bætist: Regla þessa töluliðar á einnig við um einbýlishús eftir því sem við á. Ef stækkunin nemur meira en 30 m² skal greiða 50% gatnagerðargjald af því sem umfram er.

3. gr.

3. töluliður 5. gr. breytist og verður svohljóðandi: Af millilofti sem liggur milli hæðaskila eða hæðaskila og þakflatar í atvinnuhúsnæði í óskiptu eignarhaldi, skal greiða 10% af fermetragjaldi.

4. gr.

Breytingar þessar sem samþykktar eru bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og eiga stoð í 12. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 15. maí 2012.

Guðmundur Rúnar Árnason bæjarstjóri.